

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 6. maí 2024
Tilvísun: 2024020378/ÞS

Efni: Löggæslueftirlit með leynd

Persónuvernd vísar til fundar allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis hinn 19. apríl 2024 þar sem fjallað var um frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum nr. 90/1996 (þskj. 1058, 707. mál á 154. löggjafarþingi), svo og beiðni nefndarinnar í kjölfar fundarins um nánari umfjöllun í tengslum við umsögn stofnunarinnar um frumvarpið, dags. 8. mars s.á. Nánar tiltekið er þess óskað að Persónuvernd geri grein fyrir:

- norrænni framkvæmd á fyrirkomulagi fræðslu og tilkynninga til hinna skráðu skv. ákvæðum þarlendra laga um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, sbr. hér á landi lög nr. 75/2019, þ.e. um vinnslu lögbærra yfirvalda á persónuupplýsingum og tilkynningar til viðeigandi eftirlitsaðila þegar lögregla lætur af eftirliti sínu, eftir því sem við á;
- helstu álitafnum á sviði löggæslueftirlits sem hafa komið til meðferðar hjá norrænum og, eftir atvikum, evrópskum persónuverndarstofnunum sem varða eðlislíkar heimildir til löggæslueftirlits og þær sem lagðar eru til með umræddu frumvarpi.

Fyrri atriðið tengist kafla 2.1 í umsögn Persónuverndar þar sem fjallað er um tillögu d-liðar 6. gr. frumvarpsins að nýrri 15. gr. d í lögum nr. 90/1996. Í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er fjallað um tilkynningar til einstaklinga um leynilegt eftirlit lögreglu með þeim. Kemur fram að slíkar tilkynningar eigi að senda þegar eftirlitið hefur ekki samrýmt lögum, en í umsögn Persónuverndar er hins vegar lýst þeirri afstöðu að allir sem sætt hafa leynilegu eftirliti ættu að fá umræddar tilkynningar, með fyrirvara um rannsóknarhagsmuni.

Á hinum Norðurlöndunum hafa, eins og hér á landi, verið sett sérstök lög um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, þ.e. til innleiðingar á tilskipun (ESB) 2016/680 um slíka vinnslu. Í Danmörku er um að ræða lög nr. 410/2017 (d. lov om retshåndhævende myndigheders behandling af personoplysninger (retshåndhævelsesloven), í Noregi lög nr. 2010-05-26-16 (n. lov om behandling av opplysninger i politiet og påtalemyndigheten (politiregisterloven)), í Svíþjóð lög nr. 2018:1177 (s. brottsdatalagen) og í Finnlandi lög nr. 616/2019 (s. lag om behandling av personuppgifter i polisens verksamhet). Þessi tilteknu lög hafa ekki að geyma sérstök ákvæði um réttindi einstaklinga í tengslum við slíkt eftirlit og hér um ræðir. Hins vegar kunna þess háttar ákvæði að vera í annarri löggjöf og telur Persónuvernd það kynnu að koma að gagni að líta til löggjafar í þeim löndum sem einkum tíðkast að Ísland sé borið saman við. Telja má eðlilegt að slík skoðun sé þáttur í undirbúningi löggjafar.



Hvað síðara atriðið snertir skal tekið fram að álitaefni eins og hér um ræðir koma fyrst og fremst á borð persónuverndarstofnana í formi umsagnarbeiðna um lagafrumvörp. Meðferð mála varðandi beitingu leynilegra eftirlitsheimilda er hins vegar almennt falin sérstökum stjórnvöldum sem falið er það ákveðna, afmarkaða hlutverk að fjalla um slík mál.

Í þessu sambandi bendir Persónuvernd á að í Danmörku er eftirlit sem þetta falið sérstakri óháðri stofnun (d. Tilsynet med efterretningstjenesterne (TET), en henni er stýrt af fimm manna stjórn sem að hluta er skipuð samkvæmt tilnefningum Eystri og Vestri landsréttar þar í landi, sbr. 16. og 17. gr. laga um greiningardeild dönsku lögreglunnar, upphaflega gefin út sem lög nr. 604/2013 (d. lov om Politiets Efterretningstjeneste (PET)). Jafnframt er þingskipaðri nefnd veitt hlutverk í tengslum við umrætt eftirlit í Danmörku, sbr. lög um þá nefnd, upphaflega gefin út sem lög nr. 378/1988 (d. lov om etablering af et udvalg om forsvarets og politiets efterretningstjenester). Slíkt nefnd er einnig til staðar í Noregi (n. EOS-utvalget) og viðhefur þar umrætt eftirlit í samræmi við lög nr. 1995-02-0307 (n. lov om kontroll med etterretnings-, overvåkings- og sikkerhetstjeneste (EOS-kontrolloven)), en mælt er fyrir um skipun nefndarinnar í 3. gr. laganna. Að auki er mælt fyrir um eftirlit sams konar þingnefndar (s. underrättelsetillsynsutskottet) í 2. mgr. 2. gr. og 2. kafla finnskra laga um eftirlit með leynilegum rannsóknaraðgerðum, nr. 121/2019 (s. lag om övervakning av underrättelseverksamhet), en í sömu lögum er og mælt fyrir um eftirlit sérstaks umbodsmanns á þessu sviði (s. underrättelsetillsynsombudsmannen), sbr. 3. mgr. 2. gr. og 3. kafla sömu laga. Þá má nefna að í Svíþjóð er starfandi sérstök nefnd (s. säkerhets- och integritetsskyddsämnden) sem falið er eftirlit sem þetta, auk sérstakrar stofnunar (s. Statens inspektion för försvarsunderrättelseverksamheten (Siun)). Ólíkt því sem er í Danmörku, Noregi og Finnlandi er sænska þinginu ekki falið hlutverk við skipun eftirlitsnefnda og -stjórnvalda á umræddu sviði, sbr. ákvæði um skipun áðurgreindrar nefndar í 5. gr. laga um starfsemi hennar, nr. 2007/980 (s. lag om tillsyn över viss brottsbekämpande verksamhet), og um fyrrnefnda stofnun í m.a. 5. gr. laga um leynilegar rannsóknaraðgerðir á sviði varnarmála, nr. 2000:130 (s. lag om försvarsunderrättelseverksamhet).

F.h. Persónuverndar,


Þórður Sveinsson


Gyða Ragnheiður Bergsdóttir